

Borgarráð

Alþingiskosningar 28. október 2017

Lagt er til að svohljóðandi tillögum verð vísað til borgarstjórnar:

Lagt er til að kjörstaðir í Reykjavíkurborg kjördæmum við kosningar til Alþingis þann 28. október verði þessir:

Suður:

Hagaskóli - 8 kjördeildir
Hlíðaskóli - 4 kjördeildir
Breiðagerðisskóli - 7 kjördeildir
Ölduselsskóli - 6 kjördeildir
Íþróttamiðst. Austurbergi - 9 kjördeildir
Árbæjarskóli - 7 kjördeildir
Ingunnarskóli S - 2 kjördeildir

Norður:

Ráðhús Reykjavíkur - 10 kjördeildir
Kjarvalsstaðir - 5 kjördeildir
Laugalækjaskóli - 5 kjördeildir
Menntaskólinn við Sund - 6 kjördeildir
Íþróttamiðst. í Grafarvogi - 5 kjördeildir
Vættaskóli Borgir - 7 kjördeildir
Ingunnarskóli N- 2 kjördeildir
Klébergsskóli - 1 kjördeild

Fyrirvari er gerður um endanlegan fjölda kjördeilda.

Þóknun fyrir störf í kjörstjórnnum verði sem hér segir:
Hverfiskjörstjórn kr. 87.000 - Undirkjörstjórn kr. 53.000.

Þá samþykkir borgarstjórn að leita samþykkis yfirkjörstjórna Reykjavíkurborgar kjördæma að þær fari með verkefni yfirkjörstjórnar í hvoru kjördæmi í Reykjavíkurborg, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.

Jafnframt samþykkir borgarstjórn að fela borgarráði að afgreiða til fullnaðar eftirtalin verkefni vegna alþingiskosninganna; að staðfesta kjörskrá og úrskurða um breytingar á kjörskrá, ákveða kjörhverfi, skipa hverfisstjórnir og undirkjörstjórnir, taka ákvörðun um verkefni yfirkjörstjórna, sbr. 15. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis og ráða til lykta öðrum málum sem kunna að heyra undir verksvið borgarstjórnar í sambandi við kosningar.

Aðsetur yfirkjörstjórna á kjördag verði: Reykjavíkurborg kjördæmi suður í Hagaskóla og Reykjavíkurborg kjördæmi norður í Ráðhúsi Reykjavíkur. Talning atkvæða fer einnig á þessum stöðum.

Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar

